

24.september 2007

Fundur í stjórn

- Aðalfundur verður á fimmtud 4. október kl, 20:00. Meðal efnis sem ræða þarf á aðalfundi er hvort breyta skuli tímasetningu aðalfundar og færa hann að vori.
- Búið er að versla töskur fyrir íþróttabúninga skólans en það á eftir að merkja þær.
- Ákveðið er að tekin verður út peningur sem fer í styrki til allra bekkja.
- Tillaga kom um að bekkjadeildirnar fengju myndavélar, þar sem ekki eru til margar vélar.
- Tillaga kom um að elstu bekkir fengju annan tíma (t.d föstudagskvöld) í íþróttahúsi þar sem laugardagsmorgnar eru ekki vinsæll tími.
- Rætt var um að bekkjarfulltrúar þyrftu að kynna foreldrasamninga fyrir foreldrum og láta skrifa undir.
- Setja þarf upp auglýsingu um aðalfundinn, bæði á heimasíðu og senda póst á foreldra.

Mættir voru: Helga, Hildur Guðríður, Sigga, Óli og Herdís

Ritari Hildur Sigurðardóttir